STEFNA
LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS 2013 TIL 2017

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

TÓNLIST
LEIKLIST
DANS
HÖNNUN
ARKITEKTÚR
MYNDLIST
KVIKMYNDIR*
LISTKENNSLA

*Í undirbúningi

HLUTVERK VIÐFANGSEFNI & ÁHERSLUR

Listaháskólinn er samfélag lista- og fræðimanna þar sem lögð er rækt við skapandi hugsun og fólk fær þjálfun í að miðla hvers konar hugsmíðum og þekkingu með þeim fjölbreyttu möguleikum sem listirnar gefa.

Skólinn veitir listmenntun á háskólastigi, er leiðandi í sköpun og miðlun þekkingar í listum, eflir fagmennsku og er í fararbroddi fyrir þróun almennrar menntastefnu í listum.

Skólinn tekur virkan þátt í samfélaginu og tengir íslenskan menningargrunn alþjóðlegu umhverfi lista og menningar með fjölbreytilegum nemendahópi og samstarfi við innlenda og erlenda skóla og stofnanir.

Helstu viðfangsefni skólans eru sköpun, miðlun, og fræðsla. Til grundvallar liggja þrír þættir sem stýra viðhorfum okkar og nálgun:

FORVITNI SKILNINGUR ÁRÆÐI

Það er af forvitni sem við spyrjum og leitum nýrra leiða, lausna og svara. Við brjótum svörin til mergjar og leitum skilnings á því sem ókunnugt er. Með skilningi eflum við með okkur áræði til að fylgja eftir sannfæringu okkar og listrænni sýn.

Skólinn er vettvangur fyrir nútímalega listsköpun, fræðslu og miðlun, og samfélag þar sem er lögð áhersla á að skerpa sköpunargáfu nemenda.

LISTAHÁSKÓLINN ER FRAMSÆKINN SKÓLI
LISTAHÁSKÓLINN TENGIR SIG STRAUMUM SAMTÍÐAR
LISTAHÁSKÓLINN LEITAR NÝRRA LEIÐA Í TÚLKUN OG MIÐLUN
LISTAHÁSKÓLINN EFLIR FRUMSKÖPUN OG KANNAR ÓKUNN SVIÐ

> Listaháskólinn tengir listgreinar.
> Listaháskólinn er griðastaður tilrauna.
> Listaháskólinn leitar í sjóð íslenskrar menningar.
> Listaháskólinn er virkur í alþjóðlegu starfi.
> Listaháskólinn er hreyfiafl í menningarlífi þjóðar.
> Listaháskólinn heldur á lofti samfélagslegum gildum lista.
> Listaháskólinn býður fjölbreytileikanum heim.

> LISTAHÁSKÓLINN ER Í STÖÐUGRI MÓTUN



STEFNA UM NÁM OG KENNSLU

Listaháskólinn býður upp á menntun til bakkalárgráðu og meistaragráðu á helstu sviðum lista og listkennslu. Skólinn beitir sér fyrir þverfaglegu starfi og nýtir sér einstaka möguleika sína til að tengja þvert yfir listgreinar.

Listsköpun og rannsóknir eru mikilvægir þættir í starfi skólans og skólinn miðlar þekkingu um listir og menningu til fagfólks og almennings. Við skólann er starfrækt sérfræðibókasafn og upplýsingaþjónusta á sviði lista og listkennslu.

Í kennslu liggur til grundvallar að nemendur vinna náið saman og eiga greiðan aðgang að kennurum skólans. Stór hluti kennslunnar fer fram í vinnustofum eða einkatímum þar sem kennarar miðla til nemenda með gagnvirku samtali í krafti sérþekkingar sinnar, faglegrar hæfni og reynslu.

Í Listaháskólanum er lögð meginánhersla á að nemendur hugsi og starfi sjálfstætt, og búi að loknu námi yfir þekkingu og færni til að starfa á vettvangi í sinni grein og komast áfram til náms í fremstu háskólum.

Stefna skólans er að:

- Vera leiðandi í menntun á fræðasviði lista.
- Búa námi og kennslu viðeigandi umgjörð.
- Veita nemendum hvatningu og stuðning í námi með einstaklingsbundinni leiðsögn og kennslu í fámennum hópum.
- Skipulag náms og kennslu hvetji til áræðis, tilrauna og skapandi lausna.
- Leggja aukna áherslu á samþættingu listsköpunar, rannsókna og kennslu.
- Efla bókasafn Listaháskólans sem eina sérfræðisafnið á landinu á fræðasviði lista.
- Leggja áherslu á verkefni og nám í samstarfi við listvettvang og atvinnulíf.
- Vera vetttvangur símenntunar fyrir fræða- og fagsamfélag lista.
- Þróa nám og fjölga námsbrautum:
  - Námsframboð á bakkalárstigi verði breikkað, m.a. með stofnun kvikmyndanáms.
  - Meistaranám skólans verði dýpkað og styrkt með áherslu á starfsmiðað nám sem byggir á rannsóknaraðferðum fræðasviðsins.
  - Vinna að uppbyggingu sameiginlegs meistaranáms í samstarfi við aðra háskóla á Íslandi og í nágrannalöndunum.

STEFNA UM RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN Í LISTUM

Listaháskólinn ber ábyrgð á þróun fræðasviðsins *listir* innan íslensks háskólasamfélags og vinnur að framgangi þess í stofnunum og stjórnunareiningum sem fara með stefnumótun og ákvörðunarvald fyrir háskólasamfélagið í heild.

Rannsóknir og nýsköpun á fræðasviði *lista* fela í sér alla sjálfstæða vinnu akademískra starfsmanna sem miðlað er með opinberum hætti, ýmist á listrænu formi eða á fræðilegum vettvangi. Afraksturinn getur verið í öllum mögulegum birtingarmyndum þeirra listsviða sem skólinn starfar á, hvort sem það er í sjónlistum, sviðslistum, tónlist, eða á ritrýndum vettvangi.

Skólinn leggur áherslu á að efla tengsl sín við opinbera stjórnsýslu og beitir sér fyrir því að afrakstur fræðasviðsins verði metinn til jafns við afrakstur á öðrum fræðasviðum við úthlutun á opinberu styrktarfé. Það er því markmið skólans að hann fái grunnframlög til rannsókna og nýsköpunar sem eru sambærileg við þau sem háskólar á öðrum fræðasviðum njóta.

Listaháskólinn er kjarnaskóli skapandi greina og forystuafl innan íslensks háskólasamfélags um þróun þeirra og viðgang. Með framgangi listsköpunar vinnur skólinn atvinnulífi skapandi greina aukinn skilning innan samfélagsins og bætir við nýrri þekkingu í þessum greinum sem nýtist samfélaginu í heild.

Stefna skólans er að:

> Tryggja grunnfjárframlög til rannsókna og nýsköpunar í samræmi við hlutverk og ábyrgð háskóla.
> Efla hlut akademískra starfsmanna í úthlutunum úr opinberum samkeppnissjóðum í vísinda- og nýsköpunarkerfinu hér á landi.
> Skapa heildstæða umgjörð og regluverk fyrir rannsóknar- og nýsköpunarverkefni skólans og efla innra stoðkerfi og þjónustu.
> Skapa akademískum starfsmönnum aukið svigrúm til sjálfstæðra starfa innan þeirra sérsviða sem þeir eru ráðnir til innan skólans.
> Efla skólann sem vettvang fyrir umræðu um rannsóknir og nýsköpun og gildi þeirra fyrir fagsamfélagið.
> Hvetja til aukins samstarfs við innlenda og erlenda háskóla og listastofnanir um rannsóknir og nýsköpun.
> Innleiða skilvirkt gæðakerfi rannsókna og nýsköpunar sem tryggir sanngjarnt mat á afrakstri og hvetur til virkni á sviðinu.
> Kynna og koma skipulega á framfæri afrakstri skólans í listsköpun og rannsóknum.

STEFNA UM TENGSL VIÐ SAMFÉLAGIÐ

Listaháskólinn á í fjölþættu samstarfi við listastofnanir, fyrirtæki, félög og samtök, sveitarfélög og einstaklinga vítt og breitt um landið, og er það stefna hans að efla það enn frekar. Til grundvallar liggur að samstarfið gagnist báðum aðilum og verði til framdráttar í þróun greinarinnar sem í hlut á. Landið allt er starfssvæði skólans.

Með samvinnu við aðra háskóla í landinu býður Listaháskólinn upp á viðbótarmöguleika til náms og þróunar og styrkir um leið þverfaglegt starf á milli ólíkra fræðasviða. Skólinn leggur áherslu á aukið samstarf við framhaldsskóla og sérskóla á sviðum lista.

Skólinn stendur fyrir fjölda viðburða þar sem koma gestir af ólíkum sviðum samfélagsins, og sýningar skólans eru fjölsóttar og vekja athygli.

Með starfsemi sinni vill skólinn taka virkan þátt í samfélaginu og tengja um leið íslenskan menningargrunn alþjóðlegu umhverfi lista, menningar og atvinnulífs.

Stefna skólans er að:

> Upplýsa almenning, fagfólk og stjórnvöld með skipulögðum hætti um hlutverk skólans og starf.
> Virkja kennara og sérfræðinga skólans til aukinnar þátttöku í opinberri umræðu um málefni lista og háskólamenntunar.
> Styrkja tengsl við útskrifaða nemendur.
> Styrkja bakland skólans með stofnun formlegs samráðsvettvangs Listaháskólans, listastofnana, samtaka listamanna, listkennara og atvinnulífs.
> Hafa frumkvæði að stofnun vettvangs um nýsköpun í listum og atvinnulífi í samstarfi við aðra háskóla og atvinnulíf.
> Leggja áherslu á samstarf við byggðir og sveitarfélög vítt um landið.
> Virkja möguleika listanna til eflingar samfélagslegra gilda.
> Sýna vistvernd í verki í allri starfsemi og bæta sífellt árangur í umhverfisvænum rekstri skólans.

STEFNA UM ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Listaháskólinn starfar á alþjóðlegum grundvelli með víðtæku samstarfi og þátttöku í fjölþjóðlegum verkefnum.

Fjölmargir nemendur Listaháskólans taka hluta náms síns erlendis og fjölbreyttur hópur nemenda frá ýmsum löndum stundar hér nám til lengri eða skemmri tíma. Skólinn býður upp á alþjóðlegt nám á meistarastigi í tónlist, myndlist og hönnun og lögð er áhersla á að búa nemendur undir störf sem listamenn á alþjóðlegum vettvangi.

Markvisst er leitað samstarfs við listamenn og fræðafólk erlendis frá um kennslu við skólann og kennarar skólans afla sér reynslu og nýrra viðmiða með kennslu í samstarfsskólum vítt og breitt um álfuna.

Skólinn er virkur þátttakandi í fjölþjóðlegum samtökum sem á einn eða annan hátt láta sig varða samstarf og þróun háskólastofnana í listum.

Stefna skólans er að:

> Styrkja stöðu sína með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.
> Byggja upp samstarf við skóla og stofnanir utan Evrópu.
> Styðja nemendur og starfsfólk skólans til þátttöku í fjölþjóðlegum verkefnum.
> Styðja nýútskrifaða nemendur til tímabundinna starfa á sínu sérsviði hjá stofnunum og fyrirtækjum í öðrum löndum.
> Efla eftirfylgni og kerfisbundið mat á fjölþjóðlegum verkefnum.
> Kynna skólann á alþjóðlegum vettvangi á grundvelli faglegrar stöðu sinnar og fjölbreytileika.
> Undirbúa stofnun alþjóðlegs sumarháskóla sem byggir á sterkum alþjóðatengslum skólans og samstarfi hans við skóla, stofnanir og sveitarfélög vítt og breitt um landið.

STEFNA UM MANNAUÐ

Listaháskólinn er samfélag þar sem ríkir jafnræði, virðing og gagnkvæmt traust. Skólinn leggur áherslu á velferð nemenda sinna og starfsfólks og vill vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem öllum sem þar starfa eru tryggð bestu starfsskilyrði til að vaxa og dafna í námi og starfi.

Öll samskipti innan skólans skulu byggjast á gagnkvæmri virðingu og jafnræðis skal gætt á öllum sviðum.

Innan skólans má engan mun gera á fólki vegna kynferðis, kynþáttar, fötlunar, skoðana eða annarra almennra þátta sem greinir fólk að.

Skólinn tryggir að allar boðleiðir séu skýrar og upplýsingar berist með skipulögðum hætti til nemenda og starfsfólks. Stjórnendur upplýsa starfsmenn um málefni sem varða störf þeirra, réttindi og skyldur, og þeir hvetja þá til samstarfs og til að deila þekkingu og reynslu sín á milli.

Stefna skólans er að:

> Skapa frjótt starfsumhverfi þar sem nemendur og starfsmenn tjá skoðanir sínar og viðhorf með opnum og hispurslausum hætti.
> Skólinn verði fjölskylduvænn vinnustaður þar sem starfsmönnum hans er gert sem auðveldast að samræma einkalíf, fjölskylduábyrgð og starf.
> Starfsmenn njóti sem mest sjálfstæðis í störfum og geti eftir því sem við verður komið notið svigrúms og sveigjanleika við skipulagningu verkefna sinna.
> Starfsmenn og nemendur fái notið kunnáttu sinnar og eiginleika sem best, og hlutur þeirra til uppbyggingar og þróunar skólans verði metinn að verðleikum.
> Starfsmenn og nemendur skólans eigi þess kost að taka virkan þátt í stefnumótun fyrir skólann.
> Skólinn beiti sér fyrir því að starfsmenn fái stuðning til að þróa sig í starfi og bæta við þekkingu sína og faglega kunnáttu.
> Treysta tengsl stundakennara við skólann og veita þeim aukinn stuðning til þátttöku í reglubundnu starfi.
> Ráðningar í störf fylgi skýrum reglum sem tryggi sem réttlátasta meðferð við afgreiðslu umsókna.

STEFNA SKÓLANS
BYGGIST Á ÞVÍ AÐ HANN
STARFI Á EINUM STAÐ OG HAFI GOTT HÚSNÆÐI SEM TEKUR MIÐ AF ÞÖRFUM HANS OG SÉRSTÖÐU

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts